

39. stjórnarfundur Bergrisans bs.

12. apríl 2022

Fundur hófst klukkan 14:00 í fjarfundi á Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar, Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Melkorka Jónsdóttir velferðasviði Árnesþings. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Verklag- fjárhagsáætlun og bókanir stjórnar

Aukin fjárþörf samkvæmt fjárhagsáætlun verður framvegis innheimt mánaðarlega til aðildarsveitarfélaganna. Fjármálastjóra Árborgar falið að senda sundurliðun fjárþarfar ársins 2022 til aðildarsveitarfélaganna til gerðar viðauka ársins.

2. Fundargerð þjónusturáðs

153. fundur þjónusturáðs. Umfjöllun um stöðuskýrslu um málefni fatlaðra. Farið yfir skýrsluna.

Umfjöllun um stöðu ráðgjafabrokskapjálfa á þjónustusvæði suðurlands. Gerð sameiginleg greining á framtíð sameiginlegar stöðu ráðgjafabrokskapjálfa og rætt um þróun Bergrisans til framtíðar.

3. Starf ráðgjafabrokskapjálfa

Verkefnisstjóri fer yfir þarfagreiningu vegna starfsins sem unnin hefur verið. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að auglýst verði eftir ráðgjafabrokskapjálfa í samræmi við þjónustusamning byggðasamlagsins við Árborg.

4. Stofnframlag

Lagt er til að áður úthlutuðu stofnframlagi frá HMS (2017) verði skilað. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að stofnframlaginu verði skilað.

5. Stofnfundur Arnardrangs hses.

Tillaga stjórnar um tilhögun á skipun stjórnar félagsins. Stjórn Bergrisans bs leggur til að aðal- og varamenn Bergrisans bs skipi aðal- og varamenn Arnardrangs hses.

6. Erindi frá Npa miðstöð og Npa setri

Beiðni um hækkun launataxta samkvæmt nýrri launatöflu Eflingar afturvirkir frá 1. janúar 2022. Stjórn Bergrisans bs óskar eftir nánari upplýsingum varðandi beiðni Npa miðstöðvarinnar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

7. Niðurstaða greiningar á rekstri- Selvogsbraut 1 og Vallholt 27

Verkefnisstjóri upplýsir um greiningu á niðurstöðu rekstrareininganna 2021.

Launaáætlun vegna Vallholts 27 hækkar um 2.386.845 kr fyrir árið 2022 vegna breytingar á starfsmati.

Fundi slitið kl: 15:30